

# Fundargerð - Aðalfundur FFM 7.maí 2014

Staður og stund: Myllubakkaskóli, matsalur, kl. 20:00

Eftirfarandi stjórnarmenn mættu: Bjarnfríður, Jóhanna, Guðrún Ben, Íris Dröfn og Þórey.

Boðuð dagskrá fundarins var:

1. Kynning á starfsemi vetrarins
2. Gjaldkeri leggur fram ársreikning
3. Ný stjórn
4. Félagsgjöld fyrir næsta skólaár ákveðin
5. Önnur mál .

Dagskrá fundar var afgreidd þannig:

1. Formaður fór yfir starfsemi vetrarins.
  - FFM kostaði og aðstoðaði við morgunmat fyrir samræmdu prófin.
  - Haldin var fundur með árgangafulltrúum 6.nóvember 2013, fundurinn var var vel sóttur og árgangafulltrúar áhugasamir um starfið, á fundinum var m.a. rætt um að árgangafulltrúar myndu sjá til þess að allir bekkir væru með Facebook síðu.
  - Boðið var upp á jólaföndur 5.desember og var það með hefðbundnum hætti. Mæting var góð.
  - Ég og þú, þú og ég var haldið 6.mars fyrir 1.&2. bekk og 13.mars fyrir 3.&4. bekk. Boðið var upp á steinamálun, óvissu föndur, spil og íþróttir. Nemendur og foreldrar mættu vel og úr varð góð stund, þar sem nemendur og foreldrar voru að leika sér saman.
  - Þorgrímur Þráinsson var með tvo fyrirlestra 6.mars um sjálfsstyrkingu og marmiðasetningu annarsvegar fyrir 5.&6. bekk og hinsvegar fyrir 7.&8. bekk.
  - FFM kostaði rútur á skólahreysti
  - FFM greiddi fyrir blóm handa útskrifahóp
  - Vorferðalög voru styrkt
2. Yfirferð gjaldkera
  - Gjaldkeri gerði grein fyrir ráðstöfun fjármuna á árinu, helstu hreyfingum og sjóðsstöðu. Jóhanna gjaldkeri lagði fram ársreikning og tjáði fundarmönnum að hún myndi ekki vera gjaldkeri næsta skólaár. Við þökkum Jóhönnu fyrir vel unnin störf.
3. Stjórnarskipan
  - Engar breytingar voru gerðar á lögum FFM
  - Eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér til stjórnarsetu skólaárið 2014-2015
    - Bjarnfríður - formaður

- Skúli Freyr - gjaldkeri
- Berglind
- Íris Dröfn
- Karólína
- Lovísa
- Pórey

Jóhanna Árnadóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og Hjörleifur Hannesson gefa ekki kost á sér í stjórn og er þeim hér með þakkað fyrir góð störf.

#### 4. Félagsgjöld

- Ákveðið var að hækka félagsgjöldin upp í 1.750 kr.

#### 5. Önnur mál

- Fundarmenn ræddu um skólamál almennt og fögnuðu því að Bryndís Guðmundsdóttir væri að taka við skólastjórstöðu næsta vetur. Ákveðið var að senda skólayfirvöldum bréf til að ítreka mikilvægi þess að foreldrum væru kynntar stærri breytingar sem varða skólann áður en upplýsingar um þær birtust í blöðum.

Fundargerð ritaði Bjarnfríður